



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 09. september 2025, fundur hófst kl 17:30.

Staður: Fundarherbergi Samskipahöllinni

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Davíð Áskelsson, Sigrún Valþórsdóttir, Katla Gísladóttir, Lárus Sindri Lárusson, Sigurbjörn Eiríksson, Haraldur Pétursson og Þórdís Anna Gylfadóttir

Fjarverandi:

1. Dagskrá fram að áramótum

Þórdís fór yfir þá viðburði sem eru komnir á dagskrá fram að jólum. Talsvert á dagskrá og talsverð vinna framundan við undirbúning viðburða. Ákveðið var að útbúa auglýsingu þar sem Sprettur óskar eftir sjálfboðaliðum til að taka þátt í nefndum.

2. Reiðhallarskipulag

Þórdís fór yfir bókanir á reiðhöllum frá áramótum og fram á vor. Hallirnar eru talsvert bókaðar og ekki mikið rými fyrir auka viðburði, ekki er þó búið að staðfesta allt ennþá. Breytingar verða talsvert flóknar í framkvæmd.

3. Fundur með bæjarstjórum og áform um uppbyggingu svæðisins

Fundur með bæjarstjórunum í næstu viku. Minnisblaðið frá Jónínu er grunnur að samtalinu sem þarf að fara fram á þessu fundi.

4. Mótafólk vill koma á fund stjórnar

Rætt var um mótahald og hvernig það hefur gengið á síðasta tímabili. Mikið álag á þeim sjálfboðaliðum sem standa að mótunum og mikilvægt að styðja við þá og reyna að fjölga þeim. Verið er að undirbúa stofnun Mótanefndar í Spretti.

5. Stigahæstu knapar ársins

Þórdís, Lárus og Katla fara yfir reglur fyrir stigasöfnun knapa/keppanda. Tryggja þarf að auglýsa reglurnar tímanlega.

6. Samningar um auglýsingar á veggjum hallarinnar

Sigrún tekur að sér að fara yfir samninga, senda út e-mail á þá aðila sem eru með samninga og bjóða framlengingu. Davíð og Sigurbjörn aðstoða.

7. Önnur mál

Rætt var um ásýnd svæðisins og þörf á tiltekt. T.d. voru vörubíll og grafa á planinu sunnan megin við Samskipahöllina þegar brúðkaup var haldi í salnum. Svo eru malarhaugar hér og þar og fara þarf í tiltekt/frágang í kringum nýja svæðið Andvara megin.

Fundi slitið kl. 19:40

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson